



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Fimmta Beethovens

27. mars 2014





MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

**Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.**

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á [www.ruv.is](http://www.ruv.is).

**Áætluð tímalengd verka:**

*Blow bright: 10'00"*

*Eldfuglinn: 22'00"*

*Shéhérazade: 17'00"*

*Sinfónía nr. 5: 32'00"*

Söngtexta er að finna á bls. 10.

**Aðalstyrktaraðili:**

---

**GAMMA**

# Fimmta Beethovens

Tónleikar í Eldborg 27. mars 2014 » 19:30

**Ilan Volkov** hljómsveitarstjóri

**Allison Bell** einsöngvari

**Daníel Bjarnason**

*Blow bright (2013, frumflutningur á Íslandi)*

**Ígor Stravinskij**

*Eldfuglinn-svíta (1910/1919)*

*Inngangur –*

*Eldfuglinn dansar –*

*Prinsessudans –*

*Vítisdans Kastseis konungs –*

*Vöggulag –*

*Lokadans*

**Maurice Ravel**

*Shéhérazade (1903)*

*Asie*

*La flûte enchantée*

*L'indifférent*

*Hlé*

**Ludwig van Beethoven**

*Sinfónía nr. 5 op. 67 (1808)*

*Allegro con brio*

*Andante con moto*

*Allegro –*

*Allegro - Presto*

## Ilan Volkov

hljómsveitarstjóri



Ilan Volkov hóf feril sinn sem hljómsveitarstjóri 19 ára að aldri þegar hann varð aðstoðarstjórnandi hljómsveitarinnar Northern Sinfonia á Englandi. Árið 1997 varð hann aðalhljómsveitarstjóri Æskuhljómsveitar Fílharmóníusveitarinnar í Lundúnum og tveimur árum seinna útnefndi Seiji Ozawa hann aðstoðarhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitarinnar í Boston. Hann varð aðalhljómsveitarstjóri BBC sífóníuhljómsveitarinnar í Skotlandi árið 2003 og starf hans með hljómsveitinni leiddi til þess að hann var valinn „ungur tónlistarmaður ársins“ af Konunglega fílharmóníufélaginu árið 2004. Eftir að hann lét af starfinu gerðist hann aðalgestastjórnandi hljómsveitarinnar árið 2009. Í september 2011 tók Ilan Volkov við stöðu aðalhljómsveitarstjóra og listræns stjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Volkov er tíður gestur margra þekktra hljómsveita; meðal þeirra er Fílharmóníuhljómsveitin í Ísrael, Þjóðarhljómsveitin í Washington, Orchestre de Paris, Þjóðarhljómsveitin í Lyon, Sinfóníuhljómsveitin í Birmingham, Sinfóníuhljómsveit vesturþýska útvarpsins í Köln og Sinfóníuhljómsveit suðurþýska útvarpsins í Freiburg. Volkov er líka tíður og mikilsmetinn hljómsveitarstjóri í óperuhúsum og hefur stjórnað óperusýningum á Glyndebourne-hátíðinni, við þjóðaróperuna í Washington, og við óperurnar í San Francisco, Toulouse og í Ísrael. Volkov hefur gert fjölmargar upptökur fyrir Hyperion-útgáfuna. Meðal þeirra má nefna tvær sem hafa hlotið verðlaun Gramophone-tímaritsins: geisladisk með heildarverkum Brittens fyrir píanó og hljómsveit ásamt píanóleikaranum Steven Osborne og diskinn Body Mandala með verkum eftir Jonathan Harvey.

Ilan var upphafsmaður tónlistarhátíðarinnar Tectonics sem Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt í fyrsta sinn í maí 2012 undir listrænni stjórn Volkovs, en í fyrra, árið 2013, var hún haldin bæði í Reykjavík með Sinfóníuhljómsveit Íslands og í Glasgow með BBC sífóníuhljómsveitinni í Skotlandi.

## Allison Bell

einsöngvari



Allison Bell er fædd á áströlsku eyjinni Tasmaníu. Hún stundaði nám í tónlist og sögu við háskólann í Sydney auk þess að starfa sem leikari í ástralska ungmennaleikhúsinu. Síðan sótti hún framhaldsnám í Evrópu þar sem hún vann til fjölmargra viðurkenninga m.a. hinna virtu La Scala verðlauna. Helstu kennarar hennar voru Joan Sutherland, Ilena Cotrubas, Gundula Janowitz og Dietrich Fischer-Dieskau.

Meðal óperuhlutverka sem hún hefur sungið eru Nætur-drottningin í *Töfraflautu* Mozarts, Adele í *Leðurblökunni* eftir Johann Strauss, Oscar í *Grímudansleik* Verdis, Olympia í *Ævintýrum Hoffmanns*, Júlía í *Rómeó og Júlíu* eftir Gounod, *Lakmé* í samnefndri óperu Delibes, Zerbinetta í óperu Richards Strauss *Ariadne auf Naxos* og Kúnígúnd í *Candide* eftir Leonard Bernstein. Þá hefur hún sungið fjölmörg burðarhlutverk í nútímaóperum.

Allison hlaut mikið lof fyrir túlkun sína á Siervu Maríu í frumuppfæslu á óperu Peters Eötvös *Love and other Demons* í Glyndebourne óperunni. Síðan þá hefur hún sungið hlutverkið í óperuhúsum víða um Evrópu. Eötvös hefur valið hana sem flytjanda í mörgum öðrum verka sinna, meðal annars á verðlaunageisladiskinum „Ensemble Linea Play Eötvös“.

Af nýlegum verkefnum Allisons Bell má nefna hlutverk eldsins, prinsessunnar og næturgalans í óperu Ravels *Lenfant et les sortilèges* í Bolshoj óperunni í Moskvu, *Chamber Music* (ljóðaflokkur fyrir söngrodd, klarínettu, selló og hörpu) eftir Luciano Berio í London, *Das klagende Lied* eftir Mahler í Berlín og München og uppfærsla á *Pierrot Lunaire* með Skoska ballettinum á Edinborgarhátíðinni. Þá syngur hún í *Túskildingsóperu* Kurts Weill í París og London, áströlskum frumflutningi á óperu Ligetis *Mysteries of the Macabre* með Tasmanísku símfóníuhljómsveitinni og *La Machine de l'Étre* eftir John Zorn með skosku BBC símfóníuhljómsveitinni undir stjórn Ilans Volkov.

## Daníel Bjarnason

Blow bright



Daníel Bjarnason stundaði nám í píanóleik, hljómsveitarstjórn og tónsmíðum í Reykjavík áður en hann hélt til framhaldsnáms í hljómsveitarstjórn í Freiburg í Þýskalandi. Sem hljómsveitarstjóri hefur hann unnið með fjölda hljómsveita bæði hér heima og erlendis.

Fjöldi viðurkenninga hefur fallið Daníel í skaut. Á síðasta ári hlaut hann Íslensku tónlistarverðlaunin sem tónskáld ársins fyrir verkin *The Isle is Full of Noises* og *Over Light Earth* auk þess að hljóta Edduverðlaunin fyrir tónlistina við kvikmynd Baltasars Kormáks, *Djúpið*, sem hann gerði ásamt Ben Frost. Nýverið hlaut platan *Over Light Earth* Íslensku tónlistarverðlaunin sem plata ársins 2013.

Daníel Bjarnason samdi *Blow bright* að beiðni Fílharmoníu-hljómsveitarinnar í Los Angeles sem frumflutti verkið 19. desember síðastliðinn í Walt Disney tónleikahúsinu undir stjórn Gustavos Dudamel. Titillinn er tekinn úr næstsíðustu línu kvæðisins *Night-Music* eftir Philip Larkin. Um verkið segir Daníel: „Ég samdi kammerverk við ljóð Larkins en hljómsveitarverkið er af allt öðrum toga. Titillinn valdi ég vegna þess að þessar tvær síðustu línur ljóðsins vekja hinar réttu kenndir og eru fallegar:

„*Blow bright, blow bright*  
*The coal of this unquicken world.*“

„Blossið björt, blossið björt,  
kol þessa ólifnaða heims.“ *Þýð. Reynir Axelsson*

Margt annað kom einnig upp í hugann og er framvinda verksins mjög frjálst og eðlislæg. Í raun nálgast tónlistin að vera abstrakt. Eitt af því sem ég hugsaði um var hafið eða öllu heldur það að sjá Kyrrahafið í fyrsta sinn og komast að því hversu ótrúlega ólíkt það er Atlantshafinu sem ég hef þekkt alla mína ævi. Ljómur þess og kraftur er svo öflugur og fagur. Ég reyndi að skila þessum hughrifum inn í tónlistina og í orðunum *Blow bright* felst skírskotun að einhverju leyti.“

---

### Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur áður flutt fjögur verk Daníels Bjarnasonar.

Víkingur Heiðar Ólafsson lék einleik í píanókonert Daníels á Myrkum músíkdögum árið 2009.

Hljómsveitarverkið *Emergence* var sömuleiðis flutt á Myrkum músíkdögum árið 2011 og endurtekið á Iceland Airwaves tónlistarhátíðinni

um haustið ásamt tónverkinu *Processions*. Þá flutti hljómsveitin ásamt Hamrahlíðarkórnum *The Isle is Full of Noises* á Myrkum músíkdögum í janúarlök 2014.

Daníel stjórnaði flutningi verka sinna í öll skiptin.

## Ígor Stravinskíj

Eldfuglinn-svíta



Ígor Stravinskíj (1882–1971) var tiltölulega óþekkt tónskáld þegar rússneski athafnamaðurinn Sergej Diaghilev bað hann um að semja tónlist við söguna um *Eldfuglinn* fyrir nýstofnaðan ballettflokk sinn Ballets Russes í París. Ballettinn var frumfluttur í Parísaróperunni 25. júní 1910 við feykigóðar undirtektir.

„Ég hef áhuga á ballett og ann honum meira en öllu öðru. Það er sannfæring mín að ef einhvers konar Michelangelo væri uppi í dag - þessi hugsun heltók mig þegar ég sá freskurnar í sixtínsku kapellunni, þá væri kóreógrafía hans eina viðfangsefni.“ Þetta skrifaði Stravinskíj vini sínum Vladimir Rimskíj-Korsakov þegar hann vann að öðrum balletti sínum *Petrúska*. Samstarf Stravinskíjs, Diaghilevs og Ballets Russes hélt sem sagt áfram og gat auk *Eldfuglsins* af sér tvo stóra balletta til viðbótar, *Petrúska* (1911) og *Vorblótið* (1913).

Ekki leið á löngu þar til hljómsveitarsvíta (1911) úr *Eldfuglinum* fór að hljóma vítt og breitt um Evrópu. Í árslok 1918 hófst Stravinskíj handa við að endurrita raddskrá *Eldfuglsins* og er það sú gerð sem nú heyrir. Árið 1945 leit enn ein hljómsveitargerðin dagsins ljós.

Söguþráður ballettsins byggir á rússneskum þjóðsögum. Prinsinn Ívan villist í töfraskógi tröllsins Kastseis sem er iðinn við að breyta óboðnum gestum í steina. Ívan sér eldfuglinn tína gullepli af tré og fangar hann en lætur lausan þegar fuglinn gefur honum töfrum gædda fjöður. Síðar birtast þrettán prinsessur í álögum og Ívan horfir á þær dansa og leika sér með gullnu eplin. Þær vara Ívan við Kastsei sem reynir að hneppa hann í álög en prinsinn nýtur verndar fjaðrar eldfuglsins. Fuglinn fær Kasteis og fylgilið hans til að stíga villtan dans uns þeir örmagnast. Kastsei lætur lífið þegar prinsinn tortímur fjöreggi hans. Steinrunnin fórnarlömb Kastsei lifna við og Ívan eignast fegurstu prinsessuna.

### Tónlistin á Íslandi

Svíta Stravinskíjs *Eldfuglinn* hefur alls 24 sinnum hljómað á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hún var fyrst flutt í Þjóðleikhúsinu í febrúar 1954 en síðast í Háskólabíói í september 2010. Lang oftast hafa stjórnendur notað hljómsveitargerðina frá 1945 eða í 21 skipti en útfærsla Stravinskíjs frá 1919 heyrðist fyrst í Háskólabíói árið 2002. Flutningur verksins hefur alltaf farið fram í Reykjavík utan þau tvö skipti sem Sinfóníuhljómsveitin flutti verkið í Nuuk á Grænlandi árið 1997 undir stjórn Petris Sakari.

## Maurice Ravel

Shéhérazade



Maurice Ravel (1875–1937) hafði alla ævi mikið dálæti á ævintýrum og þjóðsögum sem hann gerði oft að yrkisefni í verkum sínum. Nægir þar að nefna ballettinn *Dafnis og Klói*, *Gæsamömmu*, óperuna *Barnið og álögin* og ævintýraforleikinn *Shéhérazade* sem hann samdi árið 1898. Fimm árum síðar gaf franska skáldið Tristan Klingsor (fæðingarnafn Arthur Justin Léon Leclère 1874–1966) út hundrað framandleg prósaljóð undir heitinu *Shéhérazade*. Ljóðin orti hann undir áhrifum af sagnabálknum *1001 nótt* sem nýlega hafði komið út í franskri þýðingu en val titilsins helgaðist af dálæti skáldsins á Rímskíj-Korsakov og tónaljóði hans um hugrökku stúlkuna *Shéhérazade*. Ravel heillaðist strax af ljóðum vinar síns, efni þeirra og frjálstri hrynjandi og samdi sama ár ljóðaflokk við þrjú þeirra fyrir háa rödd og píanó. Hljómsveitargerðin fylgdi strax í kjölfarið.

---

## Tónlistin á Íslandi

Fyrir nær réttum 37 árum eða

31. mars 1977 söng breska söngkonan

Sheila Armstrong ljóðaflokk Ravels

Shéhérazade með Sinfóníuhljómsveit

Íslands undir stjórn þáverandi

aðalhljómsveitarstjóra Karstens

Andersen. Svo vitað sé er þetta

eini flutningur verksins á Íslandi til

dagsins í dag.



## Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 5 op. 67



*Fimmta sinfónía* Ludwigs van Beethoven (1770–1827) er líklega þekktasta tónverk sígildra tónbókmennta og eitt af þeim tónverkum sem oftast heyrast í tónleikasölum heimsbyggðarinnar. Upphafsmótífið, endurteknu nóturnar fjórar sem birtast í einhverri mynd í öllum köflum sinfóníunnar, er sagt vera örlögin að knýja dyra. Sköpunarár sinfóníunnar voru vissulega mikill átakatími í lífi tónskáldsins sem hið innra horfðist í augu við þverrandi heyrn og umhverfis hann geisaði styrjaldarófriður.

Beethoven hóf að semja fimmtu sinfóníuna árið 1804 en lagði hana til hliðar og einbeitti sér næstu tvö árin að fyrstu gerð óperunnar *Fidelio*, 23. píanósónötunni, (*Appassionata*), *Razumovsky strengjakvartettunum* þremur op. 59, fiðlukonsertinum, fjórða píanókonsertinum, *C-dúr messunni* og fjórðu sinfóníunni. Því næst snéri hann sér aftur að þeirri fimmtu. Hann vann úr fyrirbyggjandi uppkasti að þremur fyrstu köflunum en skipti niðurlagi í 6/8 takti út fyrir hið glæsilega og sigurreifa finale í *C-dúr*. Í bréfi til vinar síns og velgjörðarmanns Franz von Oppersdorf skrifar Beethoven: „Ég lofa þér verki sem hæfir okkar stríðshrjáðu samtíð. Síðasti hluti sinfóníunnar er með 3 básúnum og lítilli flautu - að vísu ekki 3 pákum en sem gera meiri og betri hávaða en 6 pákur.“

### Tónlistin á Íslandi

*Fimmta sinfónía* Beethovens hljómaði fyrst í Þjóðleikhúsinu 19. nóvember 1950 í flutningi hinnar nýstofnuðu Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir stjórn Róberts Abrahams Ottóssonar. Síðan þá hefur hún prýtt tónleikaskrár hljómsveitarinnar alls 30 sinnum, bæði í Reykjavík, á landsbyggðinni, í Færeyjum og á Grænlandi. Þegar hætt var við tónleikaferð hljómsveitarinnar til Japans haustið 2008 fór hljómsveitin í hringferð um landið með Petri Sakari og bauð landsmönnum til ókeypis tónlistarveislu þar sem 5. sinfónía Beethovens var í öndvegi.

5. *sinfónían* var frumflutt í Theater an der Wien 22. desember 1808 og stjórnaði tónskáldið flutningnum. Tónleikarnir voru sannkallaðir maraþónleikar þar sem átta verk Beethovens voru frumflutt. Fyrsta verkið var 6. sinfónían, þá kom arian *Ah, perfido* op. 65, síðan *Gloría* úr *C-dúr messunni* en fyrri hlutanum lauk á 4. píanókonsertinum sem Beethoven lék sjálfur. Síðari hlutinn hófst á 5. *sinfóníunni*, þá komu *Sanctus* og *Benedictus* kaflarnir úr *C-dúr messunni*. Næst lék Beethoven eitt atriði á píanóið af fingrum fram en lokaverkið var *Kórfantasían*. Litlar sögur fara af þessum tónleikum annað en að lengd þeirra losaði fjórar klukkustundir í hrollköldum tónleikasalum og flutningurinn var frekar bágborinn eftir aðeins eitt æfingarensli.

Sigurður Ingvi Snorrason

## Shéhérazade

### I. Asie

Asie, Asie, Asie.  
Vieux pays merveilleux des contes de nourrice  
Où dort la fantaisie comme une impératrice  
En sa forêt tout emplie de mystère.  
Asie,  
Je voudrais m'en aller avec la goëlette  
Qui se berce ce soir dans le port  
Mystérieuse et solitaire  
Et qui déploie enfin ses voiles violettes  
Comme un immense oiseau de nuit dans le ciel d'or.

Je voudrais m'en aller vers des îles de fleurs  
En écoutant chanter la mer perverse  
Sur un vieux rythme ensorceleur.  
Je voudrais voir Damas et les villes de Perse  
Avec les minarets légers dans l'air.

Je voudrais voir de beaux turbans de soie  
Sur des visages noirs aux dents claires;  
Je voudrais voir des yeux sombres d'amour  
Et des prunelles brillantes de joie  
En des peaux jaunes comme des oranges;  
Je voudrais voir des vêtements de velours  
Et des habits à longues franges.

Je voudrais voir des calumets entre des bouches  
Tout entourées de barbe blanche;  
Je voudrais voir d'âpres marchands aux regards louches,  
Et des cadis, et des vizirs  
Qui du seul mouvement de leur doigt qui se penche  
Accordent vie ou mort au gré de leur désir.

Je voudrais voir la Perse, et l'Inde, et puis la Chine,  
Les mandarins ventrus sous les ombrelles,  
Et les princesses aux mains fines,  
Et les lettrés qui se querellent  
Sur la poésie et sur la beauté;  
Je voudrais m'attarder au palais enchanté  
Et comme un voyageur étranger  
Contempler à loisir des paysages peints  
Sur des étoffes en des cadres de sapin  
Avec un personnage au milieu d'un verger;  
Je voudrais voir des assassins souriant  
Du bourreau qui coupe un cou d'innocent  
Avec son grand sabre courbé d'Orient.

## Séherasade

### 1. Asía

Asía, Asía, Asía.

Forna undursamlega land úr bernskusögum  
þar sem hugarflugið sefur eins og keisarynja  
og skógar hennar eru krökkir af leyndardómum.

Asía,

ég vil taka mér far héðan með skonnortu  
sem vaggar nú í kvöld í höfninni  
dularfull og einmanaleg  
og breiðir loks út fjólublá segl sín  
eins og risavaxinn næturflugl á gullnum himni.

Ég vil fara héðan til blómaeyjanna  
og hlusta á flárátt hafið syngja  
með fornu og heillandi hljómfalli.  
Ég vil sjá Damaskus og borgir Persíu  
með léttar bænaturndspírur í loftinu.

Ég vil sjá fagra vefjarhetti úr silki  
yfir svörtum andlitum og skínandi tönnum;  
ég vil sjá augu myrk af ást  
og sjáöldur ljómandi af gleði  
í húð gulnaðri eins og glóaldin;  
ég vil sjá flauelsskikkjur  
og fatnað með löngu kögri.

Ég vil sjá friðarpípur milli vara  
umkringdra hvítu skeggi;  
ég vil sjá ágjarna kaupmangara með skuggalegt augnatillit,  
og dómarana og vesírana  
sem með einni hreyfingu beygðra fingra sinna  
geta veitt líf eða dauða eftir eigin geðþótta.

Ég vil sjá Persíu, Indland og síðan Kína,  
magastóru mandarínana undir sólhlífum  
og prinsessurnar með fingerðar hendur,  
og lærdómsmennina sem eiga í orðasennum  
um ljóðlistina og fegurðina;  
ég vil staldra við hjá töfrahöllinni  
og hugleiða í ró og næði eins og ókunnur  
ferðamaður landlagsmyndir málaðar  
á dúka í þinviðarrömmum  
þar sem líta má mannsmynd í aldingarði;  
ég vil sjá morðingjana glotta  
þegar böðullinn heggur háls sakleysingja  
með stóra austurlenzka bjúgsverðinu sínu.

Je voudrais voir des pauvres et des reines;  
Je voudrais voir des roses et du sang;  
Je voudrais voir mourir d'amour  
ou bien de haine.

Et puis m'en revenir plus tard  
Narrer mon aventure aux curieux de rêves  
En élevant comme Sindbad ma vieille tasse arabe  
De temps en temps jusqu'à mes lèvres  
Pour interrompre le conte avec art ...

## **2. La flûte enchantée**

L'ombre est douce et mon maître dort  
Coiffé d'un bonnet conique de soie  
Et son long nez jaune en sa barbe blanche.

Mais moi, je suis éveillée encor  
Et j'écoute au dehors  
Une chanson de flûte où s'épanche  
Tour à tour la tristesse ou la joie.  
Un air tour à tour langoureux ou frivole  
Que mon amoureux chéri joue,  
Et quand je m'approche de la croisée  
Il me semble que chaque note s'envole  
De la flûte vers ma joue  
Comme un mystérieux baiser.

## **3. L'Indifférent**

Tes yeux sont doux comme ceux d'une fille,  
Jeune étranger,  
Et la courbe fine  
De ton beau visage de duvet ombragé  
Est plus séduisante encor de ligne.

Ta lèvre chante sur le pas de ma porte  
Une langue inconnue et charmante  
Comme une musique fausse ...  
Entre! Et que mon vin te reconforte ...

Mais non, tu passes  
Et de mon seuil je te vois t'éloigner  
Me faisant un dernier geste avec grâce  
Et la hanche légèrement ployée  
Par ta démarche féminine et lasse ...

*Tristan Klingsor [Arthur Justin Léon Leclère]*

Ég vil sjá fátæklingana og drottningarnar;  
ég vil sjá rósir og blóð;  
ég vil sjá þá sem deyja af ást  
eða af hatri.

Og svo vil ég koma seinna til baka og segja  
ævintýri mín þeim sem þyrstir eftir draumum  
og lyfta forna arabíska bikarnum mínum  
eins og Sindbað við og við upp að vörumum  
til að gera kænskulegt hlé á sögu minni ...

## 2. Töfraflautan

Skugginn er ljúfur og húsbóndi minn sefur  
með keilulaga silkihúfu á höfðinu  
og langt nefið gult og skeggið hvítt.

En ég er ennþá vakandi  
og ég hlusta á flautusönginn  
að utan sem úthellir  
til skiptis dapurleika og gleði.  
Lag sem er til skiptis angurvært og léttúðugt  
sem ástvinur minn leikur,  
og þegar ég nálgast gluggann  
finnst mér eins og sérhver nóta fljúgi  
úr flautunni að vörum mínum  
eins og dularfullur koss.

## 3. Hinn tómláti

Augu þín eru eins og stúlkuaugu,  
framandlegi unglingur,  
og fíngerðir drættirnir  
í fögru andliti þínu dúnyfirskyggðu  
eru ennþá meira aðlaðandi.

Varir þínar syngja frammi fyrir dyrahellu minni  
á óþekktu og heillandi tungumáli  
eins og hjáróma tónlist ...  
Komdu inn! Láttu vín mitt hressa þig ...

En nei, þú gengur framhjá  
og ég sé þig fjarlægjast dyraþrep mín,  
þú gefur mér þokkafulla bendingu í kveðjuskyndi  
og sveigir lítilliga mjaðmirnar  
á kvenlegri og þreytulegri göngu þinni ...

*Þýðing Reynir Axelsson*



## Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Feðgarnir Martial Nardeau og Matthías Nardeau vinna vinnuna sína með lungum og munni.

**Matthías:** Annars er ég mjög feginn að það hlýnaði í vikunni. Blöðin eru svo viðkvæm fyrir frostinu.

**Martial:** Einmitt, það eru alltaf sömu vandræðin með ykkur óbóleikara og þessi blöð. **Matthías:** En hvað með pikkólóflautuna, er hún ekkert að springa?

Það er talsvert mikið loft í meðlimum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og sumir þeirra vinna hreinlega við að dæla því út í heiminn í gegnum rör, pípur og ventla. Hljóðfæri þeirra feðga, Martials og Matthíasar Nardeau, tilheyra bæði tréblástursdeild hljómsveitarinnar, þó að annað þeirra, þverflautan, sé reyndar yfirleitt úr málm.

Óbóid er viðkvæmt hljóðfæri sem gerir miklar kröfur til óbóleikara sem yfirleitt eru í stanslausum vandræðum með svokölluð „blöð“ sem þeir blása í gegnum. Flautan á sér hins vegar langa hefð og hefur fylgt manningum um árþúsundir í ýmsum formum.

Martial Nardeau settist að með fjölskyldu sinni á Íslandi árið 1982, sama ár og Matthías fæddist suður í Frakklandi. Martial hefur lagt mikið til tónlistarlífsins hér á landi og ferðast víða til tónleikahalds. Matthías Nardeau er meðal unga fólksins í hljómsveitinni sem fer létt með að taka að sér viðkvæmar sólóstrófur á mikilvægum augnablikum.



GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

**GAMMA**

[www.gamma.is](http://www.gamma.is)

# Hljómsveit á tónleikum

27. mars 2014

## 1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Lin Wei  
Pálína Árnadóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Andrzej Kleina  
Rósa Guðmundsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Greta Guðnadóttir  
Mark Reedman  
Laufey Jensdóttir

## 2. FIÐLA

Gunnhildur Daðadóttir  
Roland Hartwell  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Ágústa María Jónsdóttir  
Þórdís Stross  
Christian Diethard  
Kristján Matthíasson  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Greta Salome Stefánsdóttir

## VIÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Jónína Auður Hilmarsdóttir  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Sarah Buckley  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Kathryn Harrison  
Sesselja Halldórsdóttir

## SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir  
Sigurgeir Agnarsson  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Auður Ingvadóttir  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Margrét Árnadóttir  
Júlía Mogensen

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Daði Kolbeinsson  
Peter Tompkins  
Eydis Franzdóttir

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Einar Jóhannesson  
Rúnar Óskarsson

## FAGOTT

Brjann Ingason  
Kristín Mjöll Jakobsdóttir  
Rúnar Vilbergsson

## HORN

Joseph Ognibene  
Emil Friðfinnsson  
Stefán Jón Bernharðsson  
Þorkell Jólsson  
Lilja Valdimarsdóttir

## TROMPET

Ásgeir Steingrímsson  
Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Jón Halldór Finnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Nimrod Ron

## HARPA

Elísabet Waage  
Monica Abendroth

## PÍANÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson  
Kjartan Guðnason

Nicola Lolli, hefur verið ráðinn í stöðu 1. konsertmeistarar Sinfóníuhljómsveitar Íslands og mun gegna stöðunni við hlið Sigrúnar Eðvaldsdóttur. Nicola Lolli er fæddur á Ítalíu árið 1980 og er menntaður í fiðluleik frá tónlistarháskólunum í Vín, Lübeck og Ganz. Nicola Lolli hefur setið í sæti 1. konsertmeistarar á nokkrum tónleikum á þessu starfsári. Hann tekur formlega við stöðunni í apríl næstkomandi.

Anna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri  
Bengt Árstad, listrænn ráðgjafi  
Margrét Sigurðsson fjármálagjalltrúi  
Grimur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri  
Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri  
Kristbjörg Clausen, nota- og skjalavörður  
Sigbór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri  
Una Eyþórsdóttir mannaútsjóri  
Þórunn Vala Valdimarsdóttir umsjónarmaður

Ilan Volkov, aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi

REYKJAVÍK  
10. — 12. APRÍL 2014

## Allt sem tónlist getur verið

Í annarri viku apríl iðar Harpa af lífi á tónlistarhátíð Sinfóníuhljómsveitar Íslands; Tectonics. Nú er það taka þrjú. Flytjendur og tónsmiðir hvaðanæva að koma fram á fjölda tónleika og viðburða á þremur dögum með nýja, ferska og spennandi tónlist úr öllum áttum.

Á hátíðinni hljóma meðal annars verk eftir Valgeir Sigurðsson, Ólöfu Arnalds & Skúla Sverrisson, Bergrúnu Snæbjörnsdóttur, Davíð Brynjar Franzson, Maríu Huld Markan og Pál Ivan Pálsson.

Fjölbreyttar tónlistarstefnur renna saman og mynda nýtt og spennandi landslag.

**TECTONICS**  
Tónlistarhátíð

Listrænn stjórnandi ILAN VOLKOV

*Miðar fáanlegir*  
**WWW.SINFONIA.IS**  
**WWW.HARPA.IS**

Aðalstyrktaraðili:

